

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalka sorpeýðingastöð sf. Helguvík, Berghólabraut



Dags eftirlits	5.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Kalka sorpeýðingastöð sf.	Eftirlitsmaður	Martina Stefani
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5312780469	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Steinþór Þórðarson	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingþór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi Kólku. Engin frávik komu fram og engar ábendingar voru gerðar. Rekstraraðili vinnur að úrbótum skv. samþykktri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti 27. maí 2020 er varða geymslu á botnösku og flugösku og notkun lóðarinnar að Berghólabraut 7a.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fjárfundi þar sem viðstaddir voru, auk eftirlitsmanns og fulltrúa Kólku, fulltrúar úr teymi loftslags og loftgæða.

Tekin var staðan á starfseminni frá því í fyrra eftirliti ársins sem fram fór í maí sl. Fram kom að viðhaldsstoppi hefði verið í september en rekstraraðili tilkynnti um að starfsemi væri hafinn aftur þann 12. október. Nokkuð hefur mætt á brennslunni vegna sóttmengaðs úrgangs út af faraldri COVID19 á árinu. Í lok september hafði borist 256 tonn af sóttmenguðum úrangi og telur rekstraraðili að magn sóttmengaðs úrgangs verði innan heimilda starfsleyfisins. Tafir hafa orðið á verkefnum varðandi úrbætur þar sem eittvað hefur verið um að starfsmenn hafa lent í sóttkví.

Rekstraraðili kynnti nýtt verklag við að fylgjast með stöðu í brennslunni varðandi t.d. útblástur og afkastagetu. Fram kom að NOx væri einna helst að valda vandræðum í útblæstrinum og brennslan starfaði ekki á fullum afköstum þar sem reynt væri að halda NOx innan marka starfsleyfisins. Ýmislegt er í farvatninu hjá fyrirtækinu, s.s. uppfærsla búnaðar, nýr vefur, vigtarkerfi og endurskoðun verkferla.

Árið 2020 var m.a. endurnýjaður eldmúr í brennsluofni og eftirbrennslu, þéttingar í brennsluofni endurnýjaðar, endurbætur á katli o.p.h.

Rætt var um stöðuna á úrbótum vegna frávíka sem fram komu í eftirliti 27. maí sl. Fram kom að unnið væri að úrbótum vegna frávíka er varðar botnösku og flugösku sem og að rekstraraðili hefur lagt inn umsókn um breytingu á starfsleyfi vegna notkunar á lóðinni að Berghólabraut 7a.

Farið var yfir losun frá starfseminni með teymi loftslags og loftgæða frá Umhverfisstofnun.

Rætt var um förgun á riðufé, en um það leyti sem eftirlitið fór fram stóð til niðurskurður á riðufé úr Tröllaskagahólfi sem farga átti með brennslu í Kólku.

ANNAÐ

Einnig var viðstödd eftirlitið fyrir hönd Umhverfisstofnunar Ásta K. Helgadóttir.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.01.2021

Sigríður Magnúsdóttir